

191
8. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæzlumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæzlumanna, nr. 145 11. okt. 1946.

1. gr.

Síðasta málsgrein A-liðs III. kafla falli niður.

2. gr.

IV. kafli, 1. töluliður, breytist þannig:

Í stað orðanna „Óski embættismenn þessir eftir að bera viðhafnarbúning, skulu þeir leggja sér hann til sjálfir“, komi: Viðhafnarbúning skulu embættismenn þessir fá ókeypis einu sinni, enda skulu þeir þá bera hann þegar við á, svo sem við opinberar móttökur og önnur sérstök hátíðleg tækifæri, en endurnýjun hans skulu þeir kosta sjálfir.

3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 34. gr. launalaga, nr. 60 12. marz 1945, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. nóvember 1951.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

192
8. nóv.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikifaraldurs í nálægum löndum.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú í nálægum löndum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi:

1. Engar undanþágur verða veittar um innflutning spendýra og fugla, svo og þeirra vara, sem um ræðir í 2. gr. laganna, t. d. hálmur, notaðir pokar, fiður, burstar o. s. frv.
2. Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis.

Brot á lögum nr. 11 1927 og auglýsinga, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.